

Til efnahags- og skattanefndar Alþingis

HJ/101209

Sjúkdómatryggingar

röksemdir fyrir því að eingreiðslubætur úr sjúkdómatryggingum
skuli vera undanþegnar tekjuskatti

- Sala sjúkdómatrygginga hófst á Íslandi um miðjan síðasta áratug. Sjúkdómatrygging er **höfuðstólstrygging**, þar sem bótafjárhæðin er **greidd út í einu lagi** þegar váttryggður greinist með einvern þeirra sjúkdóma sem váttryggingin tekur til eða verður fyrir varanlegri örorku af völdum skilgreinds váttryggingaratburðar.
- Frá upphafi hefur í **framkvæmd** verið litið svo á að bætur úr váttryggingunni séu tekjuskattsfrjálsar. Sjúkdómatryggingu er ætlað að bæta **miska** sem hlýst af því að greinast með erfiðan sjúkdóm eða **varanlega örorku** af völdum sjúkdóms eða slyss. Flestir þeir sjúkdómar og fatlanir sem sjúkdómatrygging greiðir bætur vegna eru þess eðlis að þeir hafa í för með sér **varanlegar afleiðingar** (miski/örorka).
- **Samanburður við reglur nágrannaríkja** mælir einnig með þessari niðurstöðu. Sjúkdómatrygging byggir á erlendri fyrirmynd og í nágrannaríkjunum þar sem slíkar váttryggingar eru seldar eru bætur úr sjúkdómatryggingum **undanþegnar tekjuskatti** (Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Bretland).
- Váttryggingafélögin hafa frá upphafi gengið út frá því að líta beri á bætur úr váttryggingunni sem eignaauka sem **fellur undir 2. tl. 28. gr. tekjuskattslaga** (nú lög 90/2003. Ákvæðið mun hafa verið óbreytt frá 1963). Samkvæmt því ákvæði skal ekki teljast til tekna eignaauki sem verður vegna greiðslu líftryggingafjár, dánarbóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, enda séu bætur þessar ákveðnar í einu lagi til greiðslu.
- Sjúkdómatrygging flokkast sem **líftrygging** samkvæmt skilgreiningu í lögum um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004.

- Það kom líftryggingafélögunum **verulega á óvart** þegar **yfirskattanevnd** komst að þeirri niðurstöðu í máli nr. 93/2009, að bótafjárhæð úr sjúkdómatryggingu skuli teljast **tekjuskattsskyld** og falla undir 2. tölul. A-liðs 7. gr. tekjuskattslaga. Kærandi hefur skotið málinu til dómstóla.
- Endanleg niðurstaða í dómsmálinu mun hafa mikla þýðingu fyrir bótaþega. Komist Hæstiréttur að sömu niðurstöðu og yfirskattanevnd er ljóst að **rekstrargrundvöllur** þessarar váttryggingagreinar er brostinn. **Óvissa** um væntanlega dómniðurstöðu kemur sér illa, ekki síst fyrir **viðskiptavinum váttryggingafélaga** sem hafa keypt váttrygginguna og/eða móttengið bætur í þeirri trú að bætur séu skattfrjálssar.
- Í júní 2009 voru skv. upplýsingum frá aðildarfélögum SFF í gildi hjá þeim rúmlega **44.000 sjúkdómatryggingarskírteini**. Við sölu váttryggingarinnar hefur frá upphafi verið gengið út frá því að bætur séu tekjuskattfrjálssar og váttryggingafjárhæðir hafa verið ákveðnar á þeirri forsendu. Fjöldi einstaklinga hefur fengið greiddar bætur úr sjúkdómatryggingum á undanförunum árum (**tæplega 100 manns árlega**). Heildarbótafjárhæðir sem aðildarfélög SFF hafa greitt árlega á undanförunum árum hafa verið á bilinu **350-400 m.kr. Sjá töflur**.
- Ekki er vitað til þess að eignaauki vegna þessara bóta hafi hingað til verið skattlagður. **Jafnræðissjónarmið** mæla með því að þeirri framkvæmd verði haldið áfram.
- Þá mæla **velferðarrök** með því að ekki sé tekinn tekjuskattur af bótum úr sjúkdómatryggingum. Skattskylda bóta myndi fela í sér að lagðar verða auknar álögur um þá sem eiga um sárt að binda vegna alvarlegra sjúkdóma eða fötlunar.
- **Afar brýnt** er að breyta 2. tl. 28. gr. laga nr. 90/2003 og **taka af allan vafa** um það að eignaauki vegna eingreiðslubóta úr sjúkdómatryggingum skuli vera **undanþeginn tekjuskatti**.

Upplýsingar um fjölda bótaskyldra tjóna og greiddar bætur úr líf- og sjúkdómatryggingum.

